



Reglur um stuttmyndasamkeppni Sólveigar Anspach 2019

Alliance française í Reykjavík og Sendiráð Frakklands á Íslandi, í samstarfi við Reykjavíkurborg, Zik Zak Filmworks, AGAT Films og Kvikmyndamiðstöð Íslands, efna nú í annað sinn til stuttmyndasamkeppni í nafni leikstjórans Sólveigar Anspach, í virðingarskyni við leikstjórann sem lést í ágúst 2015.

Stuttmyndasamkeppni Sólveigar Anspach var stofnuð árið 2016. Markmið keppninnar er að heiðra stuttmyndir sem leikstýrt er af frönskum eða frönskumælandi / íslenskum eða íslenskumælandi konum, en um leið styja við frumlega kvikmyndagerð kvenna.

Sólveigar Anspach samkeppnin er opin stuttmyndum sem konur hafa leikstýrt. Keppnin er hluti af Frönsku kvikmyndahátíðinni sem fram fer árlega á Íslandi. Hátíðin 2019 stendur frá 7. til 17. Febrúar 2019.

Stuttmyndirnar verða sýndar á sérstakri kvöldvöku 14. febrúar 2019 í Reykjavík (á Íslandi).

1) Skilyrði fyrir þátttöku eru eftirfarandi:

- að leikstjóri stuttmyndarinnar sé kona, með ríkisfang eða búsetu í frönskumælandi landi, eða sé íslensk eða búsett á Íslandi og hún hafi ekki haft framleiðslufyrirtæki á bak við sig í fleiri en þremur myndum.
- að myndin sé að hámarki 17 mínútna löng, að meðtöldum kreditlistum. Öllum myndum, sem fara fram yfir þessi mörk, verður umyrðalaust hafnað.
- að lokið hafi verið við myndina eftir 1. janúar 2016.
- að myndin sé á frönsku eða íslensku.
- að myndin sé með enskum texta.
- að myndin hafi verið skráð til keppni fyrir 9. nóvember 2018 kl. 23:00 UTC samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í 3. lið.
- að myndin sé á VIMEO formi eingöngu.

Ef myndin kemst í úrval dómnefndar skuldbindur þátttakandinn sig til að senda myndina póstleiðis í DCP formi, til sýningar í kvikmyndasölum.

2) Keppnin er opin stuttmyndum af hvaða tagi sem er.

3) Umsóknargögn.

Skráning í keppnina er ókeypis.

Hver þátttakandi verður að skrá myndina fyrir 9. nóvember 2018 kl. 23:00 UTC.

Innritunareyðublaðið er að finna á slóðinni <http://sa2019.af.is/>

Við innritun verður þátttakandi að veita eftirfarandi upplýsingar:

- feril leikstjóra (á ensku)
- VIMEO tengil á myndinni

Þátttakendur sem sækja um þurfa að hafa aldrei fengið verðlaun Sólveigar Anspach áður.

4) Valið

Nefndin, sem skipuleggur keppnina, velur í úrslit 20 stuttmyndir úr hópi innsendra mynda.

Sjálf dómnefndin er skipuð frönsku- og íslenskumælandi fólki úr kvikmynda- og menningarheiminum. Hún velur stuttmyndirnar, sem sýndar verða að kvöldi 14. febrúar 2019, og ennfremur hver hlýtur Sólveigar Anspach verðlaunin 2019. Þátttakendur, sem eiga myndir í úrslitum, verða látnir vita af því í tölvupósti. Þeim verður boðið á kvöldvökuna í Reykjavík 14. febrúar 2019. **Kostnaður við þátttökuna – ferðir, gisting, matur o.s.frv. – er ekki greiddur af aðstandendum keppninnar og er algjörlega á ábyrgð þátttakenda.**

Ákvörðun skipulags- og dómnefnda verður ekki áfrýjað.

Verðlaunagripur, sem íslenska listakonan Mireya Samper hannaði (<http://mireya.is/>), verður afhentur leikstjóra verðlaunamyndarinnar eða fulltrúa hennar. Sé enginn til að veita verðlaunagripnum viðtöku mun Alliance Française í Reykjavík sjá um að senda hann til leikstjórans.

5) Dreifing og réttindi

Stuttmyndirnar má sýna án þóknunar meðan á kvikmyndahátíðinni stendur. Ábyrgðaraðilinn, sem skráir stuttmynd til keppninnar, fríar aðstandendur keppninnar af öllum kröfum og /eða málaltilbúnaði sem kann að rísa af hálfu höfunda eða hagsmunaaðila, klippara, upptökustjóra, leikara, eða annarra sem tóku þátt í gerð myndarinnar, og almennt allra sem beint eða óbeint komu að framleiðslu eða tókum á stuttmyndinni sem skráð var í stuttmyndakeppni Sólveigar Anspach. Það sama á einnig við um hvern þann karl eða konu sem ekki tók þátt í framleiðslu eða tóku myndarinnar, en telur sig eiga tilkall til einhverra hagsmuna eða réttinda í tengslum við myndina á kvikmyndahátíðinni, í heild eða að hluta.

Skipuleggjendur hátíðarinnar skuldbinda sig til að nota stuttmyndirnar á engan hátt í viðskiptalegum tilgangi.

6) Afturköllun umsóknar

Öllum þátttakendum er frjálst að draga myndina sína út úr stuttmyndasamkeppninni með tilkynningu í tölvupósti til sashortfilms@af.is til 30. desember 2018. Eftir þann dag verður ekki hægt að afturkalla umsókn.

7) Tryggingar – ferðalög – tollar

Sendandi greiðir:

- o flutningskostnað sem til fellur vegna sendingar myndarinnar í DCP formi til Alliance Française, ef til þess kemur.
- o tryggingarkostnað vegna sendingar, og alls sem því heyrir til, á afriti stuttmyndarinnar.

8) Ágreiningur

Með því að taka þátt í stuttmyndakeppninni samþykkja þátttakendur sjálfkrafa að hlíta skilyrðislaust reglum keppinnar. Komi til ágreinings verður eingöngu byggt á frönskum texta reglnanna.

9) Ef keppnin verður felld niður

Aðstandendur keppinnar áskilja sér rétt til að breyta, seinka eða aflýsa keppninni vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem upp kunna að koma.

Gert í Reykjavík 1. september 2018.

